

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Ólafsfjarðar 1990-2010,**  
**Aðalgata 16 og Vesturgata 17, Fjallabyggð.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 28. nóvember 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ólafsfjarðar 1990-2010 frá 25. nóvember 1991.

Breytingin felst í breyttri landnotkun á tveimur reitum; Aðalgata 16 breytist úr verslunar- og skrifstofusvæði í blandað svæði undir verslun, skrifstofur og íbúðir og Vesturgata 17 breytist úr svæði fyrir opinberar stofnanir í íbúðarsvæði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 28. nóvember 2007.*

F. h. r.  
**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*